

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 77/2023

2023/EES/81/02

frá 28. apríl 2023

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 83, 10.3.2022, bls. 66 og Stjtið. ESB L 161, 16.6.2022, bls. 121.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1768 frá 23. júní 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði í því skyni að laga I., II., III. og IV. viðauka við hana að tækniframförum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1178 frá 27. júlí 2020 um innlend ákvæði sem Konungsríkið Danmörk hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi kadmíuminnihald í áburði ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1184 frá 17. júlí 2020 um innlend ákvæði sem Ungverjaland hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi kadmíuminnihald í fosfatáburði ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1205 frá 6. ágúst 2020 um innlend ákvæði sem Slóvakíska lýðveldið hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi kadmíuminnihald í fosfatáburði ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar varðandi útlit merkimiðans á ESB-áburðarvörum sem um getur í III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 ⁽⁶⁾.
- 7) Reglugerð (ESB) 2019/1009 fellir niður reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 ⁽⁷⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella hana brott samkvæmt EES-samningnum.
- 8) Undanþágan sem gerir EFTA-ríkjunum kleift að takmarka markaðssetningu á áburði á markaði sínum vegna kadmíuminnihalds hefur verið í gildi í EES-samningnum frá gildistöku hans árið 1994. Eins og fyrir þau aðildarríki Evrópusambandsins sem hafa hlotið sömu undanþágu að því er varðar kadmíuminnihald í áburði, eru raunverulegu aðstæðurnar sem gera þessa undanþágu nauðsynlega í fullu gildi.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 356, 8.10.2021, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 259, 10.8.2020, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 261, 11.8.2020, bls. 42.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 270, 18.8.2020, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB C 119, 7.4.2021, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

- 9) Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2004 ⁽⁸⁾, (EB) nr. 162/2007 ⁽⁹⁾, (EB) nr. 1107/2008 ⁽¹⁰⁾, (EB) nr. 1020/2009 ⁽¹¹⁾, (ESB) nr. 137/2011 ⁽¹²⁾, (ESB) nr. 223/2012 ⁽¹³⁾, (ESB) nr. 463/2013 ⁽¹⁴⁾, (ESB) nr. 1257/2014 ⁽¹⁵⁾, (ESB) 2016/1618 ⁽¹⁶⁾, (ESB) 2019/1102 ⁽¹⁷⁾, (ESB) 2020/1666 ⁽¹⁸⁾ og (ESB) 2021/862 ⁽¹⁹⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, hafa úrelst og því ber að fella þær brott úr EES-samningnum.
- 10) Í ákvörðun þessari er að finna ákvæði ákvæði um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn.
- 11) I. og II. viðauka við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 9b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 1009**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 (Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 83, 10.3.2022, bls. 66 og Stjtið. ESB L 161, 16.6.2022, bls. 121.“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við EES-samninginn:

1. Í stað texta 1. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003) í XIV. kafla kemur:

- „– **32019 R 1009**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 (Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 83, 10.3.2022, bls. 66 og Stjtið. ESB L 161, 16.6.2022, bls. 121, breytt með:
- **32021 R 1768**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1768 frá 23. júní 2021 (Stjtið. ESB L 356, 8.10.2021, bls. 8).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) EFTA-ríkjunum er heimilt að halda áfram að beita innlendum takmörkunum sínum fyrir kadmíuminnihald í fosfatáburði sem gilda á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2023 frá 28. apríl 2023 þar til samræmd takmörk fyrir kadmíuminnihald í fosfatáburði sem eru jöfn eða lægri en þau takmörk taka gildi á Evrópska efnahagssvæðinu.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 359, 4.12.2004, bls. 25.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 51, 20.2.2007, bls. 7.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 13.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 282, 29.10.2009, bls. 7.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 43, 17.2.2011, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 75, 15.3.2012, bls. 12.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 134, 18.5.2013, bls. 1.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 337, 25.11.2014, bls. 53.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. ESB L 242, 9.9.2016, bls. 24.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. ESB L 175, 28.6.2019, bls. 25.

⁽¹⁸⁾ Stjtið. ESB L 377, 11.11.2020, bls. 3.

⁽¹⁹⁾ Stjtið. ESB L 190, 31.5.2021, bls. 74.

b) Í 2. mgr. 1. gr. er eftirfarandi liðum bætt við á eftir lið p):

„q) landslög um plöntuheilbrigði í EFTA-ríkjunum,

r) landslög um ágengar framandi tegundir í EFTA-ríkjunum.“

c) Í 52. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, er orðunum „eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2023 frá 28. apríl 2023, eftir því hvor dagsetningin er síðar“ bætt við á eftir orðunum „16. júlí 2022“.

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir 5. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/390/EB) í XIV. kafla:

„6. **32020 D 1178**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1178 frá 27. júlí 2020 um innlend ákvæði sem Konungsríkið Danmörk hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi kadmíuminnihald í áburði (Stjtið. ESB L 259, 10.8.2020, bls. 14).

7. **32022 D 1184**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1184 frá 17. júlí 2020 um innlend ákvæði sem Ungverjaland hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi kadmíuminnihald í fosfatáburði (Stjtið. ESB L 261, 11.8.2020, bls. 42).

8. **32020 D 1205**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1205 frá 6. ágúst 2020 um innlend ákvæði sem Slóvakíska lýðveldið hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi kadmíuminnihald í fosfatáburði (Stjtið. ESB L 270, 18.8.2020, bls. 7).

GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MID AF

Samningsaðilar skulu taka mið af eftirfarandi gerðum:

1. **52021XC0407(04)**: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðandi útlit merkimiðans á ESB-áburðarvörum sem um getur í III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 (Stjtið. ESB C 119, 7.4.2021, bls. 1).“

3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 13. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009) í XV. kafla:

i) eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32019 R 1009**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 (Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 83, 10.3.2022, bls. 66 og Stjtið. ESB L 161, 16.6.2022, bls. 121.“

ii) aðlögunartextar i) og j) eru endurtölusettir sem j) og k).

iii) eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta h):

„i) Í 8. mgr. 80. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, orðast „15. júlí 2019“ sem „á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2023 frá 28. apríl 2023.““

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1009, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 83, 10.3.2022, bls. 66 og Stjtið. ESB L 161, 16.6.2022, bls. 121, framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1768, ákvarðana (ESB) 2020/1178, (ESB) 2020/1184 og (ESB) 2020/1205 og orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar varðandi útlit merkimiðans á ESB-áburðarvörum sem um getur í III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.